

AUGLÝSING

110

6. sept.

um sölu og útflutning á vörum.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að samninganefnd utanríkisviðskipta skuli hætta störfum frá deginum í dag.

Jafnframt hefur verið ákveðið, samkv. heimild í lögum nr. 11 12. september 1940 og reglugerð dags. í dag, um sölu og útflutning á vörum, að leyfi viðskipta-deildar utanríkisráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær eða flytja úr landi.

Leyfi til útflutnings á íslenzkum afurðum má binda skilyrðum, er nauðsynleg þykja.

Viðskiptamálaráðuneytið veitir leyfi til útflutnings á erlendum vörum og enn fremur íslenzkum afurðum, öðrum en sýnishornum, ef þær eiga ekki að greiðast í erlendum gjaldeyri.

Forsætisráðuneytið, 6. september 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

ARÐSKRÁ

111

8. sept.

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Selá í Steingrímsfirði.

1. Bassastaðir	12.5	einingar.
2. Grænanes	10.0	—
3. Bólstaður	21.5	—
4. Geirmundarstaðir	18.0	—
5. Gilsstaðir	19.0	—
6. Kolbjarnarstaðir	19.0	—

Samtals 100.0 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.